



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um aðgengi fyrir alla – Allir með! Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍSÍ

77. Íþróttathing ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, hvetur íþróttahreyfinguna til áframhaldandi samstarfs um verkefnið „Allir með!“, sem miðar að því að efla íþróttástandun fatlaðs fólks, ekki síst fatlaðra barna og ungmenna. Jafnframt hvetur þingið stjórnvöld til að styðja áfram fjárhagslega við þetta mikilvæga verkefni.

Greinargerð:

Ráðherrar félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, mennta- og barnamálráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis undirrituðu í desember 2022 samstarfsyfirlýsingu um verkefnið Allir með! en það miðar að því að efla íþróttástandun fatlaðs fólks, ekki síst fatlaðra barna og ungmenna. Alls verður 60 milljónum króna veitt til verkefnisins sem er til þriggja ára.

Margt hefur áunnist frá því að verkefnið hófst. Stærsti sigurinn felst í hugarfarsbreytingu sem er orðin áþreifanleg í samfélaginu. Bæjar- og sveitarfélög hafa mörg hver tekið vel við sér og ýtt á að íþróttafélög bjóði upp á þjálfun fyrir fatlaða eins og ófatlaða. Hreyfiframboðum fyrir fatlaða hefur fjölgað og fjöldi iðkenda aukist úr 4% í 8,5%.

Mikilvægt er að íþróttahreyfingin styðji við verkefnið og leggi sitt af mörkum við efla íþróttaiðkun fatlaðs fólks.

Markmiðið með verkefninu er að öll börn og ungmenni eigi möguleika á að taka þátt í íþróttum í samræmi við óskir þeirra og þarfir. Áhersla er á að fötluðum börnum og ungmennum verði til að mynda gert kleift að stunda íþróttir með ófötluðum börnum kjósi þau svo. Verkefnið er liður í að ná þeim markmiðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem varða þátttöku fatlaðs fólks í íþróttastarfi.

Íþróttasamband fatlaðra er ábyrgðaraðili verkefnisins en það verður unnið í samstarfi við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands. Bakhjarlar verkefnisins verða ofangreind þrjú ráðuneyti, auk ÖBÍ og Þroskahjálpar.

Verkefnastjóri vinnur að framgangi aðgerðanna og á í samstarfi við sveitarfélög og íþróttafélög um land allt, auk fulltrúa félagsþjónustu, skóla, íþróttahéraða ÍSÍ og UMFÍ og fjölda annarra sem tengjast verkefninu. Einnig eru veittir styrkir og aðstoð við þróun sprotaverkefna í íþróttastarfi sem hafa þann tilgang að efla nýsköpun og styrkja við góðar fyrirmyndir þannig að markmið verkefnisins nái fram að ganga.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar